

út kemur eftir birtingu dóms þessa. Ber að birta dóminn með sama lettri og meginmál blaðsins.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1975.

Nr. 36/1973. **Ole N. Olsen f. h.**

Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Steinari Guðmundssyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Vinnusamningur. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1973, að fengnu afrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 414.597 krónur ásamt 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins afrýjaða dóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, og hafa málsaðiljar komið fyrir dóm.

Af hálfu afrýjanda hefur verið lögð fram ný reikningsgerð út af viðskiptum hans við stefnda, þeim er mál þetta fjallar um. Nema þær fjárhæðir, sem afrýjandi telur hafa runnið til stefnda samkvæmt reikningsgerð þessari, 723.969

krónum. Fellst stefndi á þessi reikningsskil, að undanskildum einum lið að fjárhæð 148 krónur, og nema þá greiðslur, sem stefndi viðurkennir, alls 723.821 krónu. Stefndi andmælir skaðabótakröfu áfrýjanda, að fjárhæð 95.628 krónur, hér fyrir dómi svo og kröfu hans um húsaleigu, 15.000 krónur. Stefndi krefst þess, að mánaðarlaun sín frá 1. janúar 1971 til 1. júlí s. á. verði talin 40.000 krónur. Þá hefur hann uppi kröfur um, að honum verði dæmd laun allt til 1. maí 1972. Skal nú tekin afstaða til þessara ágreiningsefna.

Áfrýjandi hefur eigi í málartilbúnaði sínum fært viðhlítandi rök fyrir skaðabótakröfu sinni, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, er dæmir stefnda sýknu af þeirri kröfu. Krafa áfrýjanda að fjárhæð 148 krónur er eigi studd viðhlítandi gögnum, og ber að sýkna stefnda af þeim lið í kröfugerð áfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að mánaðarlaun stefnda hafi verið 40.000 krónur frá 1. janúar 1971 til 30. júní s. á. Kröfu hans um laun frá 1. júlí 1971 til 1. maí 1972 tók héraðsdómari eigi til greina, og kemur hún eigi til álita hér fyrir dómi, með því að stefndi hefur eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu. Stefndi átti að njóta húsnæðis á Ísafirði leigulaust, meðan hann starfaði hjá áfrýjanda, auk nokkurra annarra hlunninda. Telur stefndi í greinargerð í héraði, að þessi hlunnindi hafi samtals verið „metin á kr. 5.000 á mánuði ...“. Af hálfu áfrýjanda er eigi gerð nein grein, sem hald er í, fyrir húsaleigukröfu þessari, þ. á m. er eigi lýst húsnæði því, sem stefndi bjó í, eða gögn lögð fram um fjárhæð húsaleigu í sambærilegu húsnæði á Ísafirði á þeim tíma, sem hér er um að ræða. Krafa áfrýjanda um húsaleigu er mjög vanreifuð, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins, að dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda alls 243.821 krónu ($723.821 \div 480.000$). Ber stefnda að gjalda 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá birtingu héraðsdómsstefnu í málinu, hinn 3. febrúar 1972, til 16. maí 1973 og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Steinar Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Ole N. Olsen f. h. Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, 243.821 krónu ásamt 7% ársvöxtum frá 3. febrúar 1972 til 16. maí 1973 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. október 1972, hefur Ole N. Olsen framkvæmdastjóri, Ísafirði, höfðað fyrir hönd einkafyrirtækis síns, Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, Sundstræti 20 á Ísafirði, með stefnu, birtri 3. febrúar 1972, á hendur Steinari Guðmundssyni, Leifsgötu 9, Reykjavík.

Upphaflegar kröfur stefnanda voru þær, að stefnda yrði gert að greiða honum kr. 285.000 með 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í þinghaldi þann 25. september sl. hækkaði stefnandi kröfur sínar með samþykki lögmanns stefnda, þannig að stefnukrafa hans nemur nú kr. 414.597 með 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, Steinars Guðmundssonar, hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati réttarins. Jafnframt hefur stefndi með stefnu, birtri 29. september sl., höfðað gagnsök á hendur stefnanda, þar sem þær kröfur eru gerðar, að hann verði dæmdur til að greiða honum kr. 229.179 með 8% ársvöxtum frá 1. maí 1972 til greiðsludags auk málskostnaðar í gagnsök að skaðlausu.

Stefnandi krefst sýknu í gagnsök og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu í gagnsök.

Sátt var reynd, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 1. maí 1970 réðst stefndi í þjónustu stefnanda með munnlegum samningi aðilja. Ráðningartími hans var til tveggja ára, eða til 30. apríl 1972. Starf hans var fólgið í því að annast bókhald ásamt erlendum bréfaskriftum og að aðstoða stefnanda í vandamáli, er hann átti við að stríða, þ. e. drykkjuskap. Heldur stefndi því fram, að hann hafi upphaflega verið ráðinn til stefnanda aðallega til að aðstoða hann við þetta vandamál hans. Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að þetta hafi verið aukastarf stefnda.

Ráðningarkjör stefnda voru þau, að kaup hans var ákveðið kr. 30.000 á mánuði og auk þess frítt húsnæði og sími. Stefnandi telur, að greiða hafi átt fastagjald af síma, en ekki annan símakostnað. Þá hefur stefndi haldið því fram, að kaup hans hafi átt að hækka upp í kr. 40.000 á mánuði frá áramótum 1970/1971. Þessu er mótmælt af stefnanda, en aðspurður fyrir dómi þann 25. september sl. kvaðst hann ekki þora að fullyrða, að þetta gæti ekki verið rétt, en kveðst ekki muna eftir þessu. Stefndi kvaðst í réttarhaldi þessu halda fast við þessa málsástæðu sína.

Stefndi starfaði síðan hjá fyrirtæki stefnanda bæði á Ísafirði og í Keflavík. Meðal annars færði hann upp dagbók fyrirtækisins fyrir árið 1970. Þá byrjaði hann að færa bókhald fyrirtækisins fyrir árið 1971 og tók það heim til sín. Eitt sinn, er hann var að heiman, hringdi kona hans í hann og sagði honum, að bróðir stefnanda, Marthen Olsen, vildi fá bókhaldið. Hann sagði henni að láta hann fá það, en hún skyldi taka úr bókinni þau blöð, er hann hafði fært. Voru blöðin fjarlægð úr bókinni. Aðiljar eru ekki sammála um það, hvort hér var um að ræða lausblaðabók eða bók með tölusettum blaðsíðum og heldur ekki, hvernig þær voru fjarlægðar úr bókinni. Segir stefnandi, að blaðsíðurnar hafi verið skornar úr. Stefndi reif síðan þau blöð, sem þessar færslur voru á, en fylgiskjölin með þeim munu flest vera hjá fyrirtæki stefnanda, en stefnandi heldur því þó fram, að eitthvað af þeim hafi horfið. Atburðir þessir áttu sér stað í byrjun júlí 1971. Um mánaðamótin júní/júlí 1971 fór stefndi í viku sumarfrí í Kerlingarfjöll. Þegar hann kom vestur aftur í byrjun júlí 1971, kveðst hann ekki vegna venslafólks stefnanda hafa fengið að aðstoða hann í veikindum hans eins og áður, en stefnandi kveðst þá hafa sagt stefnda upp. Eftir þetta starfaði stefndi ekki í þágu fyrirtækis stefnanda, en umdeilt er, hvort hann starfaði í hans eigin þágu. Í máli þessu sækir stefnandi stefnda um mismun á þeim

greiðslum, sem hann telur hann hafa mótttekið, og því kaupi, er hann telur hann hafa átt að fá frá 1. maí 1970 til 30. júní 1971, en þá hafi stefnda verið löglega sagt upp. Þá krefst hann kr. 100.000 í skaðabætur af stefnda vegna svika og fyrir að fjarlægja bókhaldsblöð úr bókhaldi. Stefnandi finnur kröfur sínar út á eftirfarandi hátt:

„Hér fer á eftir upptalning á sannanlegum greiðslum til Steinars Guðmundssonar. Ávísanir eru á Landsbanka Íslands, útibúið á Ísafirði.

Kr.	10.000.00	áv. nr.	261547
—	30.000.00	— —	278089
—	50.000.00	— —	281992
—	26.945.00	— —	285814
—	130.000.00	— —	285830
—	150.000.00	— —	285845
—	148.00	— —	293659
—	7.000.00	flutningur á búslóð	
—	10.000.00	áv. nr.	293686
—	10.000.00	— —	296109
—	10.000.00	— —	293111
—	5.000.00	— —	293125
—	504.00	gr. flutningsgjald á húsgögnum F. Í.	
—	30.000.00	áv. nr.	298793
—	30.000.00	— —	303584
—	15.000.00	— —	306683
—	25.000.00	— —	307233
—	40.000.00	— —	308529
—	40.000.00	— —	313024
—	10.000.00	— —	304353
—	20.000.00	— —	304309
—	40.000.00	— —	304396
—	30.000.00	— —	305522

Kr. 719.597.00

Í kaup frá 1/5 1970 til 30/6 1971 kr. 420.000.00
 Mismunur er þá skuld Steinars — 299.597.00
 Ennfremur kr. 5.000.00 á mánuði vegna húsnæðis
 frá 30/6 til 1/10 — 15.000.00
 Samtals er þá skuld Steinars — 314.597.00

Ennfremur krefst ég skaðabóta frá Steinari vegna svika og að fjarlægja úr bókhaldi kr. 100.000.00“.

Áður hafði verið lagt fram annað yfirlit yfir úttekna peninga stefnda. Ber yfirlitum þessum ekki að öllu leyti saman. Samkvæmt því yfirliti, sem saman er tekið af bróður stefnanda, Marthen Olsen, voru úttektir stefnda á tímabilinu frá 1. maí 1970 til 30. júní 1971 kr. 705.821. Stefndi hefur viðurkennt úttektir samkvæmt yfirliti þessu að fráðregnum kr. 20.000, sem samkvæmt yfirlitinu er áætlaður símakostnaður fyrir bæði árin. Öðrum úttektum, sem fram koma í aðiljaskýrslu stefnanda, hefur stefndi mótmælt. Einnig hefur hann haldið því fram, að hann hafi átt að fá frían flutning á búslóð frá Reykjavík til Ísafjarðar, en í aðiljaskýrslu er hann skuldfærður fyrir einhverjum slíkum flutningi. Enn fremur hefur hann sérstaklega mótmælt skaðabótakröfu stefnanda að upphæð kr. 100.000.

Stefndi finnur gagnkröfu sína þannig út:

„Kaup það, er umbj. mínum bar frá stefnanda, sundurliðast því þannig:

Kaup frá 1. 5. 1970 til 31. 12. 1970, kr. 30.000.00	
pr. mán.	kr. 240.000.00
Kaup frá 1. 1. 1971 til 31. 12. 1971, kr. 40.000.00	
pr. mán.	— 480.000.00
Kaup frá 1. 1. 1972 til 30. 4. 1972, kr. 40.000.00	
pr. mán.	— 160.000.00
Hlunnindi í peningum frá 1. 10. 1971 til 30. 4. 1972, kr. 5.000.00 pr. mán.	— 35.000.00
	Kr. 915.000.00

Upp í þessa upphæð telur umbj. minn, að hann hafi fengið kr. 685.821.00, en það eru úttektir hans, sbr. rskj. 2. Áætluðum símakostnaði á rskj. 2 er mótmælt, þar sem umbj. minn hafði frían síma“.

Er þar reiknað með hækkuðu kaupi frá áramótum 1970—1971.

Bú stefnda mun hafa verið undir gjaldþrotaskiptum, þá er hann réðst í þjónustu stefnanda. Úttektir hans munu hafa stafað af því, að hann stóð í bílakaupum á því tímabili, sem um getur í málinu, svo og fleiri orsökum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm, og lagði hann þar fram aðiljaskýrslu, þar sem hann segir frá því, að þá er stefndi átti að

vinna í hans þágu í Keflavík, hafi hann stundað vinnu mjög illa og hafi hann oft á tíðum verið fjarverandi í sambandi við sín einkamál, ýmist í Reykjavík, Ólafsvík eða annars staðar. Það hafi ekki komið fyrir, að hann bæði um frí frá vinnu, heldur hafi hann hreinlega horfið. Þegar hann hafi hafið störf á Ísafirði á ný eftir Keflavíkurdvölinu, hafi hann byrjað á bókhaldsvinnu, en hagað sér eins og hann þyrfti ekki að vinna nema endrum og eins. Þegar fram í júlí kom, hafi mátt heita, að hann væri algerlega hættur störfum og hafi honum þá verið sagt upp. Á þessum tíma hafi hann tekið bókhald fyrirtækisins heim til sín, en þegar sækja átti það til hans, hafi hann fjarlæggt allt úr því, sem hann hafði unnið, frá því hann kom frá Keflavík. Stefnandi sagði það hafa valdið stórum skaða og vandræðum, að stefndi fjarlægði úr bókhaldinu.

Þá sagði stefnandi, að stefndi hefði átt að vera fastur starfsmaður fyrirtækisins og ekki hafi verið um það samið, að hann mætti vera laus frá. Hann kvað sig minna, að hann hefði sagt stefnda upp starfinu í síma. Hann hefði eiginlega strax á eftir sent Marthen Olsen, bróður sinn, eftir bókhaldi fyrirtækisins til stefnda, en þá hafi ekkert bókhald verið til, þ. e. a. s. ekkert sem stefndi afhenti. Hann kvaðst hafa vitað, að stefndi hefði verið búinn að færa þrjá eða fjóra mánuði. Stefndi hefði skorið blöð úr dagbók þeirri, sem hann hefði haft undir höndum, og jafnframt hefðu horfið fylgiskjöl. Bókhaldinu hefði ekki verið mögulegt að koma í lag fyrir þennan tíma. Hann kvaðst ekki geta um það sagt, hvort hann hefði skaðast á þessu fjárhagslega, öðru vísi en þessi vinna stefnda hafi verið honum ónýtt, svo og ef til vill eitthvað í sköttum. Hann sagði ekkert hafa verið um það rætt í upphafi þeirra í milli, hvernig segja mætti stefnda upp á ráðningartímabilinu. Stefndi hefði í raun sagt sér upp sjálfur.

Hann kvaðst hafa lánað stefnda það fé, sem hann greiddi honum umfram kaup. Hann hefði lánað honum fé til að kaupa bifreið, sem stefndi keypti notaða frá Þýskalandi. Einnig hafi hann lánað honum fé handa Magnúsi, syni stefnda.

Stefndi, Steinar Guðmundsson, hefur komið fyrir dóminn. Hann sagði, að í upphafi hefði verið um það rætt, að hann réðist til tveggja ára tímabils, þ. e. frá byrjun maí 1970. Kaup hafi í upphafi átt að vera kr. 30.000 á mánuði. Að auki koma ýmis hlunnindi, svo sem frítt húsnæði og sími, flutningur á búslóð aðra leiðina. Í byrjun febrúar 1971 hefði verið um það rætt, að hann fengi hærra kaup. Um þetta hafi verið rætt í sambandi við

það, að hann reyndi að fá sig lausan, bæði hafi hann verið orðinn uppgefinn á starfinu og einnig hafi honum boðist starf á Selfossi fyrir betra kaup. Stefnandi hafi fallist á að greiða honum kr. 40.000 frá áramótum 1971.

Hann sagði, að um mánaðamótin júní—júlí 1971 hefði komið til mála, að hann tæki við framkvæmdastjórn við fyrirtækið. Hann hafi neitað því og sagst ekki geta það, í fyrsta lagi af persónulegum ástæðum og í öðru lagi hefði hann fólk stefnanda á Ísafirði á móti sér. Hann kvaðst hafa verið beðinn um þetta af Sigurði Stefánssyni endurrskoðanda. Sigurður hefði jafnframt beðið hann að erinda nokkuð fyrir sig, þá er hann kæmi vestur til Ísafjarðar. Hann kvaðst hafa rækt erindið, þegar hann kom vestur. Hann kvaðst telja þetta vera ástæðuna fyrir því, að hann var látinn hætta í þjónustu fyrirtækisins. Hann hafi hætt í þjónustu stefnanda þann 22. september 1971. Hafi hann þá afhent lykla að íbúð þeirri, er hann hafði til umráða, til bankastjóra Landsbankans á Ísafirði og hafi Sæmundur Bjarkan, sem þá var orðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins O. N. Olsen, skoðað íbúðina í því tilefni.

Hann kvaðst mest hafa aðstoðað stefnanda persónulega og hafi það verið hans aðalstarf. Eftir að upp úr slitnaði milli hans og venslafólks stefnanda, kvaðst hann hafa farið suður til Reykjavíkur til að fá stefnanda lagðan inn á hæli vegna veikleika hans, en það hafi ekki tekist. Allt þetta umstang hafi tekið mikinn tíma. Hann kvaðst hafa gert þetta í krafti ráðningarsamningsins, en hvorki samkvæmt beiðni stefnanda né venslamanna hans. Hann kvaðst æ ofan í æ hafa haft samband við stefnanda eftir 22. september 1971 og boðið fram vinnu sína.

Stefnandi kom að gefnu tilefni aftur fyrir dóminn og sagði þá, að hann hefði haft einu sinni samband við stefnda, eftir að stefndi hvarf úr þjónustu hans, og spurt hann, hvers vegna hann hefði skorið blöðin úr dagbókinni. Stefndi hafi þá sagt, að hann hefði ekki viljað afhenda Marthen blöðin. Hann kvaðst ekki halda fast við það, að hann hefði sagt stefnda upp formlega, en stefndi hafi a. m. k. farið úr bænum mjög fljótlega, og kvaðst hann hafa vitað, að stefndi tók það sem uppsögn, að bókhaldið var tekið af honum, enda hafi hann ekki reynt að koma í vinnu til hans eftir það. Við samprófun hélt stefnandi því fram, að aldrei hefði verið um það talað, að stefndi ætti að fá frían flutning á búslóð sinni vestur, en stefndi hélt fast við það og benti á, að hann væri ekki rukk-

áður fyrir kr. 12.000, sem áður höfðu verið greiddar fyrir búslóðarflutninginn. 7.000 króna flutningurinn hefði komið mörgum mánuðum seinna, eða í mars 1971.

Stefnandi byggir málaltilbúnað sinn á því, að stefndi hafi gerst sekur um stórfellt samningsrof gagnvart honum. Hann hafi skorið burt blöð úr dagbók bókhalds hans og látið fylgiskjöl hverfa. Þetta athæfi stefnda varði við 17. gr., 2. mgr., laga nr. 51/1968 og 158. gr. almennra hegningarlaga. Af þessum sökum hafi mátt segja stefnda fyrirvaralaust upp. Þá mótmælir stefnandi því, að ráðningarsamningur stefnda hafi verið óuppsegjanlegur, og einnig, að kaupið hafi átt að hækka á samningstímabilinu úr kr. 30.000 í kr. 40.000. Kröfu sína í málinu byggir stefnandi á upptalningu úttekta stefnda í aðiljaskýrslu, svo sem að framan er rakið.

Stefndi byggir málaltilbúnað sinn á því, að ráðningarsamningurinn hafi verið óuppsegjanlegur. Hann hafi átt að fá í kaup fyrir ráðningartímabilið frá 1. maí 1970 til 30. apríl 1972 kr. 915.000, en hafi aðeins fengið kr. 685.821. Hann krefjist því mismunarins í gagnsök. Honum hafi að heldur aldrei verið sagt upp formlega, heldur hafi honum verið gert ógerlegt að starfa. Þá telur hann sig alla vega eiga þriggja mánaða uppsagnarfrest, ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að segja hafi mátt honum upp. Sérstaklega mótmælir stefndi því, að honum sé samkvæmt reikningum stefnanda gert að greiða flutningskostnað, sem hann hafi átt að fá ókeypis. Hann heldur fast við það, að kaupið hafi átt að hækka á ráðningartímabilinu, og mótmælir þeim greiðslum, sem stefnandi telur hann hafa fengið og fram koma í aðiljaskýrslu stefnanda, en ekki yfirliti Marthens Olsens.

Ekki er í ljós leitt, að stefnda hafi verið sagt upp starfi formlega, en fram er komið, að um mánaðamótin júní—júlí 1971 var bókhald fyrirtækis stefnanda tekið af stefnda. Stefndi heldur því sjálfur fram, að hann hafi eftir þessi mánaðamót ekki fengið að aðstoða stefnanda í veikindum hans vegna venslafólks hans. Þykir af þessu leiða, að eftir þessi mánaðamót hafi stefndi mátt telja sig farinn úr þjónustu stefnanda. Ósönnuð eru frekari störf hans í þjónustu stefnanda. Það þykir þannig vera til úrlausnar í málinu, hvort segja mátti stefnda upp starfi hans á ráðningartímabilinu, og þá með hvaða fyrirvara.

Stefnandi þykir ekki hafa fært sönnur á, að uppsagnarástæður hafi verið til staðar, áður en bókhaldið var tekið af stefnda.

Stefndi lét hins vegar fjarlægja blöð úr dagbók stefnanda, þegar hann frétti, að taka ætti af honum bókhaldið, en stefnandi er samkvæmt 2. gr., B, 14. tl., laga nr. 51/1968 bókhaldsskyldur og háttsemi stefnda því andstæð 17. gr., 1. mgr., þeirra laga. Stefndi hefur játað að hafa síðar eyðilagt þau og þar með a. m. k. gert að engu árangur hluta vinnu sinnar í þjónustu stefnanda. Hann hefur ekki sýnt fram á ástæður, sem réttlætt geta þessa breytni hans. Af þessum sökum þykir hann hafa fyrirgert rétti til hugsanlegra bóta fyrir ólögmæta uppsögn. Stefndi hefur viðurkennt úttektir samkvæmt yfirliti Marthens Olsens að upphæð kr. 705.821 að fráðregnum kr. 20.000 í símakostnað. Rétt þykir þannig að taka úttektir að upphæð kr. 685.821 til greina. Símakostnaður er samkvæmt yfirlitinu áætlaður. Játað er, að stefndi átti að fá fastagjald síma greitt. Reikningar hafa ekki verið lagðir fram fyrir þessum símakostnaði. Hann er því ekki tekinn til greina. Stefndi hefur mótmælt öðrum úttektum. Samræmi hefur ekki fengist milli úttekta samkvæmt aðiljaskýrslu stefnanda og yfirlits Marthens Olsens. Fylgiskjöl, sem varpa kynnu ljósi á úttektir samkvæmt aðiljaskýrslu, hafa ekki verið lagðar fram. Af þessu leiðir, að skýrsla stefnanda verður ekki lögð til grundvallar úttektum stefnda. Krafa stefnanda um húsaleigu, kr. 5.000 á mánuði frá 30. júní—1. október 1971, þykir ekki nægilega rökstudd. Bæði er óupplýst, með hversu hárrí húsaleigu aðiljar reiknuðu í samskiptum sínum, svo og þykir verða að áætla stefnda einhvern tíma til að taka sig upp.

Skaðabótakrafa stefnanda verður ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að þótt líkur séu að því leiddar, að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagstjóni af völdum stefnda, verður ekki af gögnum málsins séð, hversu miklu það nam. Þegar metið er, hversu mikið kaup stefnda bar fram til 30. júní 1971, þykir verða að leggja til grundvallar fullyrðingu hans um það, að kaupið hafi átt að hækka frá áramótum 1970—1971, enda treysti stefnandi sér ekki til að fullyrða, að þetta gæti ekki verið rétt. Niðurstaða sakar og gagnsakar verður því sú, að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda mismun þess, sem hann hefur sannanlega úttekið, eða kr. 685.821, og þess kaups, er hann átti að bera úr bótum fram til 30. júní 1971, eða kr. 480.000, þannig samtals kr. 205.821.

Rétt þykir að miða vexti við 30. apríl 1972, en þá átti aðalstefndi að hverfa úr þjónustu aðalstefnanda, og ákveðast þeir 7% á ári.

Samkvæmt úrslitum máls þessa þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 30.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steinar Guðmundsson, greiði stefnanda, Ole N. Olsen f. h. einkafyrirtækis hans, Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, kr. 205.821 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1972 til greiðsludags og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri ábyrgð lögum samkvæmt.

Fimmtudaginn 16. október 1975.

Nr. 144/1975. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
 gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari og Þorsteini Þorsteinssonum og
Sýslumanninum í Þingeyjarsýslu.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Dómkvaðning. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. september 1975, sem barst Hæstarétti 8. október s. á., hafa sóknaraðiljar kært „úrskurð“ sýslumannsins í Þingeyjarsýslu í bréfi hans 18. september 1975. Krefjast þeir þess, að synjun héraðsdómara um dómkvaðningu landskiptamanna verði hrundið og að lagt verði fyrir hann að dómkveðja þrjá óvilhalla menn til að framkvæma landskipti, en til vara að dómkveðja fjóra eða fimm yfirlandskiptamenn í sama skyni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi